



HAMARSHÖFN

Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum um
matsskyldufyrirspurn

24497

https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_37/Project3080/Documents/Umsagnir/Hamarshöfn-Viðbrögð við umsögnum.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	31.01.2025	HFK	EBA	EBA

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:



Hafnarfjarðarhöfn
Óseyrarbraut 4, 220 Hafnarfjörður

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.	1
3	Umhverfis- og orkustofnun	2
4	Vegagerðin - höfuðborgasvæðið	4
5	Hafrannsóknarstofnun	4
6	Hafnarfjarðarbær	4

1 Inngangur

Hér er gerð grein fyrir viðbrögðum Hafnarfjarðarhafnar við umsögnum eftirtalinna aðila um matsskyldufyrirspurn vegna Hamarshafnar:

- Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, dags. 16.1.2025.
- Umhverfis- og orkustofnun, dags. 16.1.2025.
- Vegagerðin – Höfuðborgasvæðið, dags. 16.1.2025.
- Hafrannsóknastofnun, dags. 23.01.2025
- Hafnarfjarðarbær, dags. 27.01.2025

2 Heilbrigðiseftirlit Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness.

Í umsögn segir:

„Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér greinargerð framkvæmdaraðila og telja að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Það er mat heilbrigðiseftirlitsins að framkvæmdin kalli ekki á að hún fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að í greinargerðinni er gert ráð fyrir að gerð verði könnun á stöðu efnafræðilegra- og líffræðilegra gæðapátta strandsjávahlotsins með botnsýnatökum. Það er þekkt að nærumhverfi gamalla slippa og einnig málningarslippa sé mengað af þungmálmum og ýmsum efnasamböndum. Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir því að niðurstöður úr þeim sýnatökum séu kynntar Heilbrigðisnefnd.

Þá vekur heilbrigðiseftirlitið athygli á að í greinargerðinni er áætlað að sækja efni t.d. úr húsbyggingargrunnum í nágrenni hafnarinnar t.d. við Óseyrarbraut. Sé um slíka lokaða landfyllingu að ræða þar sem notast er við hentugan úrgang í fyllingu þá skilgreinist það sem endurnýting úrgangs og er starfsleyfis skyld hjá heilbrigðiseftirliti.

Þá er nefnt í greinargerðinni að jafnframt verði notast við efni sem safnað hefur verið í Hamranesnámu og gæti skilgreinst sem millilager sem er starfsleyfis skyldur hjá heilbrigðiseftirlit skv. 2. tl. í viðauka IV laga nr. 7/1998.

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að akstur vegna efnisflutninga og byggingastarfsemi eru megin uppsprettur rykmengunar í þéttbýli og því nauðsynlegt fyrir Hafnarfjarðarbæ að huga vel að hugsanlegum mótvægisáðgerðum, með gatnaþrifum og rykbindingum.“

Viðbrögð: Hafnarfjarðarhöfn mun kynna Heilbrigðisnefnd niðurstöður úr sýnatökum á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði, sem gerðar verða til að kanna efnafræðilegra- og líffræðilegra gæðapátta strandsjávahlotsins. Sótt verður um tilskyld leyfi fyrir framkvæmdinni en framkvæmdaraðili telur að ekki sé þörf á starfsleyfi fyrir millilager í Hamranesnámu þar sem það efnið sem verður nýtt þaðan er nú þegar á staðnum. Ekki mun fara fram frekari söfnun á efni í Hamranesnámu. Hafnarfjarðarhöfn mun í samráði við Hafnarfjarðarbæ skoða mótvægisáðgerðir vegna rykmengunar vegna efnisflutninga.

3 Umhverfis- og orkustofnun

Í umsögn segir:

„Áhrif á vatnshlot

Í kaflanum Áhrif á vatnshlot og lífríki sjávar í greinargerðinni er fjallað nokkuð ítarlega um áhrif á vatnshlot og áhrif framkvæmdarinnar á vatn. Þar er farið yfir umhverfismarkmið vatnshlotanna sem framkvæmdin tekur til, þ.e. strandsjávarhlötið Straumsvík-Kjalarnes (nr. 104-1391-C) og grunnvatnshlöt Straumsvíkurstraumur (nr. 104-265-G). Fjallað er um þá gæðapætti í strandsjó sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig starfsemin/framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti og einnig er fjallað um hvernig eigi að meta efnafræðilegt ástand og magnstöðu grunnvatns. Framkvæmdaraðili telur að á heildina litið hafi fyrirhugaðar framkvæmdir ekki áhrif á ástand strandsjávarhlotsins Straumsvík-Kjalarnes og líkur á mengunarslysi sem geti haft áhrif á grunnvatnshlöt Straumsvíkurstraum eru taldar litlar.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að það vantar umfjöllun um áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti. Landfylling er einn af þeim þáttum sem getur haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti í strandsjávarvatnshlotum. Ekki hefur verið ákveðið hvaða matspætti á að nota til að meta vatnsformfræðilegt ástand strandsjávarhlöta á Íslandi. Því skal notast við þá almennu matspætti sem reglugerð nr. 535/2011 setur fram þegar áhrif framkvæmda/starfsemi á vatnsformfræðilegt ástand strandsjávar er metið. Í reglugerðinni eru tveir gæðapættir settir fram, þ.e. sjávarföll og formfræðileg skilyrði. Vatnsformfræðilegir álagspættir geta verið margs konar. Dæmi um matspætti fyrir strandsjávarhlot væru stefna ríkjandi strauma, ölduhrif, breytileiki í dýpt, kornastærð, botngerð og gerð svæðis milli há- og láglæðimarka sem landfylling og aðrar framkvæmdir geta haft áhrif á.

Fram kemur í greinargerð að á þeim hluta fjörunnar og sjávarbotns sem fer undir mannvirki (m.a. hafnargarð og grjóttgarð) og í þeim hluta sjávarbotns sem verður dýpkaður munu verða staðbundið verulega neikvæð bein áhrif á botnþörungum í fjöru og hryggleysingja á mjúkum botni. Umhverfis- og orkustofnun tekur undir það.

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota aldrei hnigna frá því sem umhverfismarkmið þeirra segja til um, hvorki varanlega né tímabundið.

Til þess að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-20272 þarf að liggja fyrir ítarlegt mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot sem eru aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.“

Viðbrögð: Fyrirhuguð framkvæmd er mjög innarlega í firðinum, nokkru innan við Hafnarfjarðarhöfn. Lega og lengd fyrirhugaðs grjóttgarðs, sem staðsettur verður norðan við smábátahöfnina, og stærðagráða annarra mannvirkja (flotbryggja) er ekki talinn líkleg til að hafa áhrif á ríkjandi strauma, sjávarfallastrauma og hegðun öldu á svæðinu. Þar af leiðandi er fyrirhuguð framkvæmd ekki talin líkleg til að hafa áhrif á setflutninga eða kornastærð sets á aðliggjandi svæðum.

Breytingar verða á núverandi dýpi vegna dýpkunar á innan við 2 ha svæði. Eftir dýpkun verður dýpið 2-3 m meira en nú er. Ljóst má vera að dýpkunarsvæðið og umfang

dýpkunar er mjög staðbundið og lítil í samhengi við strandsjávarhlot sem nær yfir 134,5 km² stórt svæði.

Af framangreindu leiðir að í heildina litið er talið að hinar staðbundnu framkvæmdir svo innarlega í firðinum muni ekki hafa áhrif á ástand strandsjávarhlotsins Straumsvík-Kjalarnes.

Í umsögn segir:

„Landfylling

Í tilkynningunni með framkvæmdinni kemur fram að sótt verði um leyfi fyrir varpi efnis í hafið til Umhverfis- og orkustofnunar og að unnið verði í samræmi við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfis- og orkustofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a) dýpkunarefnum,*
- b) náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,*
- c) fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.*

Umhverfis- og orkustofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið og áður en framkvæmdir hefjast þurfa stofnuninni að berast upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Umhverfis- og orkustofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir a- eða b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis

Viðbrögð: Umsögn krefst ekki viðbragða að hálfu Hafnarfjarðarhafnar. Sótt verður um leyfi fyrir varp í hafi. Unnið verður í samræmi við Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Í umsögn segir:

„Mengun hafna

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að sumt efni í höfnum (oft dýpkunarefni) sem tekið er upp eða hreyft til getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum sem getur haft neikvæð áhrif á m.a. lífríki.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að mikilvægt er að huga að aðferðafræðinni sem notuð er við dýpkunarframkvæmdirnar, til að mynda þarf að taka setsýni úr botninum til að meta mengandi efni áður en framkvæmdir hefjast og ákveða hvernig menguðu seti sem grafið er upp er ráðstafað.“

Viðbrögð: Sótt verður um leyfi fyrir varpi dýpkunarefnis í hafið til Umhverfisstofnunar. Unnið verður í samræmi við Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis. Í samræmi við þær verður gerð könnun á stöðu efnafræðilegra- og lífræðilegra gæðapátta strandsjávarhlotsins. Sýnataka verður framkvæmd í samráði við Umhverfisstofnun og verður fjöldi sýna samkvæmt leiðbeiningum stofnunarinnar.

Í umsögn segir:

„Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að framkvæmdin eins og hún er sett fram í greinargerð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð umhverfismati.“

Viðbrögð: Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu Hafnarfjarðarhafnar.

4 Vegagerðin - höfuðborgasvæðið

Í umsögn segir:

„Vegagerðin hefur yfirfarið innsend gögn skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar. og gerir ekki athugasemdir en vekur athygli á eftirfarandi.

Vegagerðin telur að framkvæmdir við Hamarshöfn, þ.e. smábátahöfn, gerð grjóttgarðs og dýpkun sjávarbotns muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdin er á hafnarsvæði Hafnarfjarðarhafnar sem er ein af stærstu höfnum landsins. Sjávarbotn og nágrenni hafnarinnar er raskað og einkennist af hafnlægri starfsemi og munu 60 - 70 bátalægi til viðbótar ekki hafa áhrif á starfsemi né sjólag innan hafnarinnar.

Vegagerðin leggur jafnframt áherslu á að aðgengi að smábátahöfn hafi ekki neikvæð áhrif á umferð á stofnstíg sem sýndur er á aðalskipulagi og fyrirhugaða legu Borgarlínu.“

Viðbrögð: Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu Hafnarfjarðarhafnar.

5 Hafrannsóknarstofnun

Í umsögn segir:

„Áformað er að gerð nýrrar smábátahafnar innan Hafnarfjarðarhafnar. Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er innan hafnar þar sem grunnsævi og strönd er nú þegar mikið raskað.

Hafrannsóknarstofnun metur það eins og framkvæmdinni sé lýst að hún sé ekki líkleg til með að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð umhverfismati.“

Viðbrögð: Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu Hafnarfjarðarhafnar

6 Hafnarfjarðarbær

Í umsögn segir:

„Það er mat Hafnarfjarðarbæjar að matskyldufyrirspurnin, sem unnin er af VSÓ Ráðgjöf í desember 2024 sé ítarleg og gefi góða mynd af mögulegum umhverfisáhrifum þessara framkvæmda.“

Viðbrögð: Umsögn krefst ekki viðbragða af hálfu Hafnarfjarðarhafnar.